



Nýtingaráætlun fyrir hafsvæði við strendur Fjarðabyggðar

Nýtingaráætlun þessi byggir á stefnuþáttum í fiskeldi, sem samþykkt var í bæjarstjórn 22. júní 2017 og safni landupplýsinga sem teknar hafa verið saman um notkun svæða á landi og sjó. Hún er hér sett fram sem fyrsta útgáfa enda má búast við því að efni hennar breytist og þróað eftir því sem forsendur breytast, t.d. um lagaramma stjórnunar á nýtingu hafsvæða og við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Hér eru stigin byrjunarskref í áætlunargerð af þessu tagi.

Nýtingaráætlun þessi felur það í sér að bæjarstjórn Fjarðabyggðar mun eiga frumkvæði að eftirfarandi:

1. Mótuð verði stefna um landnotkun og vernd fyrir Gerpissvæðið, í samstarfi við íbúa, landeigendur og náttúrufræðinga. Stefna þessi verði færð inn í aðalskipulag og friðlýsingarákvæði, eftir því sem við á.
2. Metin verði líkleg þörf fyrir iðnaðar- og athafnasvæði í tengslum við nýtingu hafsvæða á fjörðunum og matið liggi til grundvallar þegar skipulagsáætlanir sveitarfélagsins eru mótaðar.
3. Settar verði fram hugmyndir bæjarstjórnar um svæði innan fjarðanna sem að hennar mati gætu hentað fyrir hin ýmsu not að teknu tilliti til ólíkra þarfa og hagsmuna.
4. Efnt verði til uppbyggilegrar samræðu milli bæjaryfirvalda og fagstofnana um mat á burðarþoli, áhættumat og eftirlit í þeim tilgangi að þarfir bæjaryfirvalda komi skýrt fram og að sveigjanleiki sem fyrir hendi er nýttist til að koma til móts við þær þarfir. Jafnframt leiði samræðan til aukinnar þekkingar á viðfangsefninu meðal íbúa, embættismanna og kjörinna fulltrúa.
5. Kortlögð verði staðarmörk sveitarfélagsins til sjávar 115 metrum utan við stórstraumsfjöruborð. Engin gögn eru til um legu þessarar línu sem þó getur skipt miklu máli í þessu sambandi.

Allt ofangreint hefjist á árinu og ljúki fyrir árslok

Samþykkt í bæjarstjórn þann 7. febrúar 2019


Karl Ottar Pétursson
bæjarstjóri

